

# *Fréttapistill frá forseta Íslands*

29. nóvember 2021

Alþingi var sett í nýliðinni viku, um tveimur mánuðum eftir kosningar. Að því loknu stóð ekkert í vegi fyrir því að samstarf þeirra flokka, sem verið hafa við völd í landinu síðastliðin fjögur ár, yrði framlengt með gerð nýs stjórnarsáttmála og nýs ráðuneytis. Því voru haldnir tveir fundir í ríkisráði á Bessastöðum í gær, á fyrsta degi í aðventu. Þeim fyrri lauk með því að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt en tilkynnti jafnframt að fyrir lægi samkomulag stjórnarflokkanna þriggja um frekara samstarf. Á seinni ríkisráðsfundinum féllst ég á tillögu Katrínar um eigin skipan og 11 annarra ráðherra. Tók þá til starfa annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur.

Orðið ráðuneyti er hér notað um ríkisstjórn eins og hefð er fyrir. Ég óska ráðherrum og ríkisstjórn velfarnaðar í vandasömum störfum. Landsmönnum öllum óska ég einnig góðra stunda nú þegar aðventa er gengin í garð.

Fregnir af öðrum embættiserindum mínum síðustu viku má sjá á vefsíðu forseta Íslands, [www.forseti.is](http://www.forseti.is)